


Pegasus ehf
Einar Sveinn Þórðarson
Sóltúni 24
105 Reykjavík



Reykjavík, 19. júní 2014
Tilvísun: UST20140500121/pvb

Kvikmyndataka innan Reykjanesfólkvangs

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Einar S. Þórðarsonar fyrir hönd Pegasus, dags. 15. maí 2014, vegna leyfis til kvikmyndartöku innan Reykjanesfólkvangs á tímabilinu 27. og 28. júní og 30. júní til 3. Júlí 2014 vegna kvikmyndarinnar Halo.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing á framkvæmd: Um er að ræða 2 tókustaði í Reykjanesfólkvangi, Litlagil við Norðlingaháls við Vigdísarveg og gamalli malarnámu sem nefnist Rauðhólagígur. Að tókunum koma 85 manns og 9 leikarar, 15 trukkan og 15 önnur farartæki. Við Litlagil stendur til að nota stórt ljós í gilinu og óskað eftir því að fá að keyra litla Genie boom lyftu upp að gilinu eftir sendnum og grýttum lækjarfarveg á gúmmímottum.

Um er að ræða leysingavatnsfarveg sem er þurr stóran hluta ársins og gróður nær ekki að festa þar rætur. Umrædd lyfta er 16.266 kg, 10,9 metra löng, 2,4 metra breið og með 27,9 metra vinnuhæð. Sú leið sem lyftan mun keyra verður afmörkuð með keilum og stikum. Við veg yrði sett upp skilti sem útskýrði framkvæmdina og að leyfi hefði verið fengið fyrir notkun lyftunnar. Á tókustað yrðu ca. 40 manna tókulið og 55 manns á aðstöðusvæði á malarplani rétt hjá. Gönguleiðir fólks yrðu afmarkaðar til að hlífa gróðri á svæðinu. Öll ummerki verða rökuð, sópuð og slóðadregin burt að framkvæmd lokinni. Tökur fara fram við í Litlagili 27. og 28. júní. Í Rauðhólagíg væri eingöngu myndað ofan í námuni, aðallega í manngerðum skriðum og ruðningum norðvestan megin í henni. Sett verður upp læst hlið við námuna og öll aðstaða tókuliðs yrði innan hliðsins. Sama dreifing yrði á starfsfólki og við Litlagil. Krani til að mynda úr er staðsettur á vegslóða á námubarminum auk áhættuatriðakrana. Tökur fara fram í Rauðhólagíg 30. júní til 3. júlí.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum og framkvæmdum sem eru í beinum tengslum við þær innan Reykjanesfólkvangs sem lýst hefur verið af hálfu umsækjanda fyrir Umhverfisstofnun, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Til kynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tökur hefjast og þegar frágangi líkur. Senda skal dagskipun vegna takana til Umhverfisstofnunar með a.m.k. dags fyrirvara svo hægt sé að meta hvort nauðsynlegt sé að eftirlitsaðili á vegum stofnunarinnar sé viðstaddur.
2. Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
3. Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
4. Samþykki landeigenda fái fyrir kvikmyndatökunum.

5. Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka.
6. Notkun vinnulyftu er takmörkuð við svæði sem liggur frá vegi að Litlagili og er afmarkað með keilum og stikum. Leggja skal mottur eða plötur yfir akstursleið tækjanna til að hlífa undirlagi.
7. Gæta skal sérstaklega að mengunarvörnum vinnulyftunnar sem notuð verða við Litlagil. Þess skal gætt að olía og önnur mengandi efni berist ekki út í jarðveg á svæðinu við Litlagil og Rauðhólagíg.
8. Við Litlagil skal komið fyrir merkingum sem tiltaka að um vinnusvæði sé að ræða og leyfi Umhverfisstofnunar hafi verið fengið fyrir notkun lyftunnar. Skal textin vera á íslensku og ensku.
9. Gönguleiðir við Litlagil skulu afmarkaðar til að hlífa gróðri.
10. Óheimilt er að raska jarðminjum og gróðri.
11. Óheimilt er að trufla dýralíf.
12. Pegasus skal kynna fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tölur hefjast.
13. Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.
14. Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með kvikmyndatökunum, undirbúningi þeirra og frágangi. Rukkað verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst.

Virðingarfyllst

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri